

trippið hlaupa upp á aðalveginn, og hafi hann ekki getað betur sjeð en að það væri komið upp á veginn er áreksturinn varð, sem hafi verið þannig, að »trippið lenti framan á vinstra framhjólí bifreiðarinnar«.

Rjetturinn verður nú að lita svo á, þrátt fyrir síðastnefndan vitnisburð, að sannað sje í málinu að slysið hafi viljað til á þann hátt, að trippið hafi stokkið á miðja bifreiðina um leið og hún fór fram hjá þverveginum, og þá orðið undir vinstra afturhjólí hennar, því þess ber að gæta, að vitnið Sigurður Árnason stóð talsverðan spöl frá árekstrarstaðnum, enda mikið farið að dimma, og verður því framburður hans eins ekki tekinn til greina gegn samhljóða framburði tveggja manna, sem horfðu á atburðinn gerast alveg hjá sjer, og sem einnig styðst við framburð vitnisins Valentinusar, sem ekki sá trippið framundan á veginum, og fann áreksturinn verða aftan til á bifreiðinni. Og þar sem ekki er upplýst í málinu að bifreiðarstjórinn hafi á neinn hátt brotið reglur bifreiðalaganna og telja verður að slysið hafi gerst á þann hátt, að það hafi ekki verið á valdi hans, að afstýra því, þrátt fyrir aðgæslu þá, er honum var skylt að gæta, þá verður honum ekki gefið það að sök og ber því að sýkna stefndan af skaðabótakröfu stefnanda í málinu.

Stefndur mætti hvorki nje ljet mæta fyrir sáttanefnd í máli þessu þrátt fyrir lögmeðtt fyrirskall, því sú mótbára hans, að hann hafi ekki talið sjer skylt að mæta sökum þess að afrit það af sáttakæru, er skilið var eftir handa honum hafi verið óundirritað, verður ekki tekin til greina. Ber því, samkvæmt kröfu stefnanda, að dæma stefndan til að greiða honum málskostnað, sbr. 4. gr. laga nr. 29, 1917, og þykir málskostnaðurinn hæfilega ákveðinn 50 krónur.

Föstudaginn 9. nóv. 1928.

Nr. 54/1928.

Valdstjórnin (Svb. Jónsson)

gegn

Sigurjóni Jónssyni (B. P. Kalman).

Bifr.stjóri undir áhrifum áfengis við bifrakstur.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 1. ágúst 1928: Kærður, Sigurjón Jónsson, missi ökuskirteini sitt í tvö

ár frá birtingu dóms þessa að telja. Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað með játningu kærða, að hann hafi aðfaranótt 21. júlí þ. á. verið undir áhrifum áfengis við akstur vörubifreiðarinnar R.E. 277.

Með þessu hefir kærði, sem tvívegis á árinu 1925 hefir undirgengist sekt fyrir lögreglustjóranum í Reykjavík fyrir að aka bifreið ölvaður og 20. okt. 1927 var dæmdur með lögreglurjettardómi Reykjavíkur í 100 kr. sekt og sviftingu ökuskirteinis í 6 mánuði samkvæmt bifreiðarlögunum nr. 56/1926 fyrir að hafa verið undir áhrifum áfengis við bifreiðarakstur, gerst brotlegur gegn 5. sbr. 14. gr. laga nr. 56/1926 og 20. gr. áfengislaganna nr. 64/1928.

Fyrir þessi brot þykir kærða hæfilega refsað með 200 kr. sekt til rikissjóðs, er afplánist með 20 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa. Svo verður og að dæma kærða til að missa ökuskirteini sitt æfilangt. Loks ber kærða að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í hjerði og hæstarjetti, þar með talin málflytningislaun sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 60 kr. til hvors.

Þvi dæmist rjett vera:

Kærði, Sigurjón Jónsson, sæti 200 kr. sekt til rikissjóðs, er afplánist með 20 daga einföldu fangelsi, verði sektin ekki greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Jafnframt er kærði sviftur ökuskirteini æfilangt.

Loks greiði kærði allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda málflutningsmannanna Sveinbjörns Jónssonar og Björns P. Kalman, 60 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Sigurjóni Jónssyni, bifreiðarstjóra, Laugaveg 123 hjer í bæn-um, fyrir brot gegn ákvæðum laga nr. 64 frá 7. maí 1928.

Það er sannað með eigin játningu kærðs, er kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu, að laugardaginn 21. þ. m. um kl. 12^{1/2} fyrir hádegi ók kærður vöruflutningabifreiðinni R.E. 277 eftir veginum fyrir ofan Geitháls í Mosfellssveit. Kom þar þá að skoðunarmaður bifreiða, Jón Ólafsson, og stöðvaði bifreið kærðs, kom þá í ljós, að kærður var talsvert drukkinn, svo að skoðunarmanninum þótti vissast að taka kærðan í sína bifreið og aka honum til Reykjavíkur, en skilja bifreið kærðs eftir.

Kærður hefir með dómi þessa rjettar uppkveðnum ^{28/11} 1926 verið dæmdur í 15,00 króna sekt fyrir að aka að nokkru leyti á röngum vegkanti, og ennfremur í 100 króna sekt og missi ökuskirteinis í 6 mánuði, með dómi sama rjettar uppkveðnum ^{20/10} 1927 fyrir að aka bifreið ljóslausri röngu megin á veginum og vera undir áhrifum áfengis við aksturinn.

Framantalið brot kærðs ber að áliti dómarans að heimfæra undir 20. gr. áfengislaganna nr. 64 frá 7. maí 1928 og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin missir ökuskirteinis í 2 ár frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Svo greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.